

Námskeið: Vinna í lokuðu rými

Um hvað er námskeiðið?

Stutt kynning á Vinnueftirlitinu, Vinnuverndarlögunum og starfi öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna.

Kynning á gerð áhættumats og mikilvægi þess sem tæki til að fyrirbyggja slys og annað heilsutjón starfsfólks við vinnu.

Farið yfir mikilvægi réttrar notkunar persónuhlífa og notkunarskyldu við ýmis störf. Sérstök áhersla lögð á notkun öndunargríma, ferskloftsbúnaðar og björgunartækja.

Megináhersla námskeiðsins lýtur að vinnu í lokuðu rými, þær hættur sem geta skapast og mikilvægi réttra forvarna og viðbragðsáætlana við óhöppum. Athygli beint að skyldu til útgáfu vinnuvottorðs, vöktunar og eftirliti með starfsmönnum við vinnu í lokuðu rými

Fyrirhuguð námskeið 2012:

Reykjavík 8. mars kl. 13 -16

Reykjavík 22. maí kl. 13 -16

Skráning á námskeið er á heimasíðunni, valinn takkinn “Námskeið” ofarlega til vinstri á forsíðunni og síðan smellt á “Skráning á námskeið” lengst til hægri í annarri línu síðunnar sem þá birtist. Einnig er hægt að skrá sig með því að senda tölvupóst á netfangið: vala@ver.is eða í síma Vinnueftirlitsins, 550 4600.